**153. löggjafarþing 2022–2023.**
**Þingskjal 1826 — 1001. mál.**

# Svar

**matvælaráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rannveigu Sigurgeirsdóttur um varnarlínur sauðfjársjúkdóma.**

1. *Hvaða varnarlínum sauðfjársjúkdóma hefur ráðherra ákveðið að skuli viðhalda, sbr. 12. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, og hvernig flokkast þær í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur?*

Ráðherra ákveður viðhald varnarlína að fengnum tillögum Matvælastofnunar þar um. Flokkun varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur er skilgreind í auglýsingu nr. 88/2018, um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma.

Fyrir árið 2023 hefur ráðherra samþykkt tillögur Matvælastofnunar um viðhald á eftirfarandi varnarlínum:

**Tafla 1. Línur sem eru á viðhaldsáætlun 2023 og lýsing á staðsetningu þeirra.**

| Lína | Lýsing |
|---|---|
| 2. Kaldadalslína / Sogs- og Bláskógalína | Sog frá Ölfusá um Þingvallavatn og úr því um Ármannsfell í Hvalfjarðarlínu við Kvígindisfell. |
| 4. Hvalfjarðarlína | Úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn að Kvígindisfelli að Brunnum við Uxahryggi í Hrúðurkarla við Þórisjökul. |
| 5. Snæfellslína | Úr Skógarnesi um Ljósufjöll í Álftafjörð. |
| 6. Hvammsfjarðarlína | Úr Hvammsfirði milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða um Laxárdalsheiði í Hrútafjörð sunnan Fjarðarhorns. |
| 7. Gilsfjarðarlína | Úr Gilsfirði um Snartartungu í Bitrufjörð. |
| 9. Tvídægrulína | Úr Hvammsfjarðarlínu við Skeggöxl um Kvíslavötn og Arnarvatn stóra í Langjökul við Jökulstalla. |
| 10. Miðfjarðarlína | Úr Miðfirði um Miðfjarðarvatn í Arnarvatn stóra. |
| 12. Kjalarlína | Milli Langjökuls og Hofsjökuls. |
| 13. Héraðsvatnalína | Héraðsvötn og Austari-Jökulsá. |
| 17. Fjallalína | Jökulsá á Fjöllum. |
| 20. Reyðarfjarðarlína | Úr Reyðarfirði upp með þjóðvegi og þaðan upp í Áreyjatind. Úr Áreyjatindi í Sandfell og þaðan niður í Gilsá í Grímsá. Grímsá í mörk Vaðs og Geirólfsstaða og þaðan yfir í Hallormsstaðargirðingar í Gilsá í Gilsárdal í Löginn. |
| 24. Kýlingarlína / Tungnaárlína | Frá Botnjökli í Mýrdalsjökli um Mælifellssand í Torfajökul, frá Hábarmi um Kirkjufellsvatn í Tungnaá og þaðan að Jökulgrindum í Vatnajökli. |
| 26. Þjórsárlína | Þjórsá. |

2. *Hver hefur kostnaður verið við viðhald varnarlína á landinu á árunum 2018–2022? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum varnarlínum og árum.*

**Tafla 2. Samþykkt kostnaðaráætlun fyrir viðhald varnarlína árin 2018–2022 eftir einstökum varnarlínum og heildar raunkostnaður við viðhald varnarlína fyrir árin 2018–2022.**

| Lína | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| 2. Kaldadalslína / Sogs- og Bláskógalína | 0 kr. | 3.700.000 kr. | 3.700.000 kr. | 1.700.000 kr. | 2.000.000 kr. |
| 4. Hvalfjarðarlína | 12.000.000 kr. | 11.000.000 kr. | 0 kr. | 500.000 kr. | 500.000 kr. |
| 5. Snæfellslína | 2.700.000 kr. | 3.700.000 kr. | 3.700.000 kr. | 4.700.000 kr. | 3.000.000 kr. |
| 6. Hvammsfjarðarlína | 3.800.000 kr. | 3.700.000 kr. | 3.700.000 kr. | 3.000.000 kr. | 3.000.000 kr. |
| 7. Gilsfjarðarlína | 850.000 kr. | 850.000 kr. | 1.600.000 kr. | 1.200.000 kr. | 1.200.000 kr. |
| 9. Tvídægrulína | 6.700.000 kr. | 9.000.000 kr. | 9.000.000 kr. | 4.500.000 kr. | 4.500.000 kr. |
| 10. Miðfjarðarlína | 4.000.000 kr. | 4.000.000 kr. | 5.000.000 kr. | 6.000.000 kr. | 6.000.000 kr. |
| 11. Vatnsneslína | 4.000.000 kr. | 5.000.000 kr. | 3.300.000 kr. | 4.200.000 kr. | 2.000.000 kr. |
| 12. Kjalarlína | 4.000.000 kr. | 4.300.000 kr. | 5.000.000 kr. | 4.300.000 kr. | 4.500.000 kr. |
| 13. Héraðsvatnalína | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 150.000 kr. | 200.000 kr. |
| 17. Fjallalína | 0 kr. | 50.000 kr. | 100.000 kr. | 100.000 kr. | 100.000 kr. |
| 20. Reyðarfjarðarlína | 500.000 kr. | 500.000 kr. | 9.250.000 kr. | 5.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| 24. Kýlingarlína / Tungnaárlína | 0 kr. | 600.000 kr. | 600.000 kr. | 600.000 kr. | 800.000 kr. |
| 26. Þjórsárlína | 0 kr. | 0 kr. | 50.000 kr. | 50.000 kr. | 100.000 kr. |
| **SAMTALS ÁÆTLAÐ** | **38.550.000 kr.** | **46.400.000 kr.** | **45.000.000 kr.** | **36.000.000 kr.** | **32.900.000 kr.** |
| **RAUNKOSTNAÐUR** | **40.547.832 kr.** | **59.174.627 kr.** | **52.789.478 kr.** | **38.069.395 kr.** | **33.199.172 kr.** |

3. *Hversu margir línubrjótar voru skráðir árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum varnarlínum.*

**Tafla 3. Heildaryfirlit yfir línubrjóta árið 2022 eftir varnarlínum, aldri og kyni línubrjóta.**

| Varnarlína | Ær | Veturgamalt | Hrútar | Lömb | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Brúarárlína | 1 | 0 | 0 | 3 | **4** |
| Gilsfjarðarlína | 6 | 2 | 0 | 7 | **15** |
| Hamarsfjarðarlína | 2 | 0 | 0 | 8 | **10** |
| Héraðsvatnalína | 2 | 0 | 0 | 3 | **5** |
| Hvalfjarðarlína | 1 | 1 | 2 | 2 | **6** |
| Hvalfjarðarlína og Sogs- og Bláskógalína | 3 | 0 | 0 | 3 | **6** |
| Hvammsfjarðarlína | 3 | 6 | 0 | 6 | **15** |
| Hvítárlína | 13 | 7 | 0 | 18 | **38** |
| Jökulsárlína | 3 | 0 | 0 | 7 | **10** |
| Kjalarlína | 6 | 0 | 0 | 11 | **17** |
| Kjalarlína og Þjórsárlína | 1 | 0 | 0 | 2 | **3** |
| Kjalarlína, Þjórsárlína o.fl. | 1 | 0 | 0 | 1 | **2** |
| Kollafjarðarlína | 1 | 0 | 0 | 2 | **3** |
| Lagarfljótslína | 4 | 1 | 0 | 5 | **10** |
| Markarfljótslína | 1 | 0 | 0 | 1 | **2** |
| Miðfjarðarlína | 9 | 1 | 0 | 13 | **23** |

| Varnarlína | Ær | Veturgamalt | Hrútar | Lömb | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Reyðarfjarðarlína | 2 | 0 | 0 | 4 | **6** |
| Skjálfandalína | 4 | 1 | 0 | 7 | **12** |
| Snæfellslína | 7 | 0 | 0 | 12 | **19** |
| Tungnárlína | 4 | 4 | 0 | 12 | **20** |
| Tvídægrulína | 4 | 3 | 0 | 10 | **17** |
| Úr Húna- og Skagahólfi í Vesturlandshólf | 0 | 0 | 0 | 2 | **2** |
| Úr Miðfjarðarhólfi og fór í Vesturlandshólf | 1 | 1 | 0 | 1 | **3** |
| Úr Vesturlandshólfi yfir í Grímsnes- og Laugardalshólf | 1 | 0 | 0 | 2 | **3** |
| Vatnsneslína | 0 | 2 | 1 | 2 | **5** |
| Þjórsárlína | 4 | 1 | 0 | 7 | **12** |
| Ekki skráð | 0 | 1 | 0 | 2 | **3** |
| **SAMTALS** | **84** | **31** | **3** | **153** | **271** |

4. *Hver er áætlaður kostnaður vegna fyrirhugaðs viðhalds varnarlína á yfirstandandi ári? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum varnarlínum.*

**Tafla 4. Kostnaðaráætlun vegna viðhalds varnarlína 2023.**

| Lína | Kostnaðaráætlun 2023 |
|---|---|
| 2. Kaldadalslína / Sogs- og Bláskógalína | 2.500.000 kr. |
| 4. Hvalfjarðarlína | 600.000 kr. |
| 5. Snæfellslína | 3.500.000 kr. |
| 6. Hvammsfjarðarlína | 5.000.000 kr. |
| 7. Gilsfjarðarlína | 1.500.000 kr. |
| 9. Tvídægrulína | 8.000.000 kr. |
| 10. Miðfjarðarlína | 7.000.000 kr. |
| 12. Kjalarlína | 5.000.000 kr. |
| 13. Héraðsvatnalína | 250.000 kr. |
| 17. Fjallalína | 150.000 kr. |
| 20. Reyðarfjarðarlína | 5.500.000 kr. |
| 24. Kýlingarlína / Tungnaárlína | 1.000.000 kr. |
| 26. Þjórsárlína | 150.000 kr. |
| **SAMTALS** | **40.150.000 kr.** |

5. *Hyggst ráðherra grípa til einhverra sérstakra aðgerða varðandi viðhald eða endurnýjun varnarlína milli Miðfjarðarhólfs og aðliggjandi varnarhólfa á yfirstandandi ári?*

Í kjölfar þess að riðutilfelli komu upp í Miðfjarðarhólfi lagði Matvælastofnun fram tillögur um auknar fjárveitingar til viðhalds á Tvídægrulínu og Hvammsfjarðarlínu milli Vesturlandshólfs og Miðfjarðarhólfs svo mögulegt væri að skipta út verst förnu hlutum girðinganna og gera þær vel fjárheldar. Ráðherra samþykkti tillögur Matvælastofnunar um hækkun á fjárveitingu til viðhalds á Hvammsfjarðarlínu úr 3,5 millj. kr. í 5,0 millj. kr. og á Tvídægrulínu úr 5,0 millj. kr. í 8,0 millj. kr.